

**Stjórnarfundur WIFT á Íslandi**  
**Café Rosenberg**  
**Miðvikudagur 15. janúar, kl. 17:30**

**Úr stjórn mættu:**

María Sigríður  
Ingibjörg Jenný

**Á google meet mættu:**

Ríkey

**Fyrsta mál á dagskrá - Heimilisfangabreytingar**

- Það þarf að breyta heimilisfangi WIFT á Íslandi. WIFT á Íslandi er með skráð heimilisfang hjá einstakling sem tengist félaginu ekki á neinn hátt.
  - Það er hægt að fá pósthólf hjá Póstinum og það myndi vera hagstæðast til langtíma litið í staðin fyrir að skipta alltaf um heimilisfang þegar ný stjórn tekur við.
  - Það kostar um 3500 krónur að skipta um heimilisfang hjá Þjóðskrá og það þarf undirskrift hjá stjórninni.

**Annað mál á dagskrá - Fjármálastaða**

- WIFT á Ísland á í kringum 50.000 krónur á reikningi sínum. Mikill kostnaður fór í að borga fyrir sal þegar síðasti aðalfundur var haldinn eða rúmlega 200.000 krónur.

**Þriðja mál á dagskrá - Aðalfundur WIFT 2025 og félagsgjöld**

- Samkvæmt samþykktum WIFT á Íslandi þurfum að halda aðalfund WIFT árlega. Stefnum á að halda aðalfund í apríl/maí. Maja ætlar að skoða sali eða önnur úrræði til þess að halda aðalfund sem eru ódýrir eða frírir. Jafnvel fá góð tilboð í sal.
  - Á aðalfundi þurfum við að ræða að hækka félagsgjaldi úr 3125 krónum í 3990 krónur. Fundargestir kjósa um hvort það liggi fyrir samþykki fyrir hækkun á félagsgjaldi
  - Senda út greiðsluseðla fyrir félagsgjöldum á föstum tíma árs. Maja lagði til febrúar eða mars á ári hverju.
  - Eftir aðalfundinn í vor verða sendir út greiðsluseðla fyrir árið 2025 þegar það er búið að kjósa um hækkun á félagsgjöldum.
  - Nýskráðir félagar fá greiðsluseðil beint eftir skráningu á tímabilinu mars/apríl - desember.
- Búið er að fara í gegnum hverjar hafa greitt og ekki greitt félagsgjöld sem voru send í október og hverjar fengu ekki greiðsluseðil.
  - 100 hafa greitt
  - 87 hafa ekki greitt
  - 40 fengu ekki greiðsluseðil

### Fjórða mál á dagskrá - Viðburðir

- Ingbjörg er að skipuleggja WIFT happy hour til þess að fagna nýrri heimasíðu og hafa tengslakvöld. Hún er að skoða tilboð hjá Bingó og Daisy. Stefnan er að hafa þennan happy hour sunnudaginn 2. Febrúar klukkan 16:00. Þegar tilboðin liggja fyrir þá verður auglýst á okkar helstu miðlum með góðum fyrirvara.
- Maja er búin að gera kynningu á félaginu WIFT á Íslandi til þess að fara með í listnámskóla og kynna starfsseminu. Maja deilir kynningu með stjórninni og þegar stjórnarmeðlimir ætla hún að setja sig í samband við skólana.
- Skipuleggja ráðstefnu til þess að hafa í maí/júní
  - Fræðsla um verktakagreiðslu, styrktarumsóknir og stöðu kvenna í kvikmyndagerð á Íslandi
  - Aðrar hugmyndir að ráðstefnum/workshop?
  - Athuga með matarstyrki: Ölgerðin með drykki og snakk, veitingastaðir með annan mat
  - Athuga með styrki til þess upp í kostnað við sal, laun og þess háttar.
  - Lína og Ágústa fá það verkefni að koma þessu af stað. Um að gera að nýta öll sambönd sem þær hafa í bransanum til þess að fá fyrirlesara og þess háttar.

### Fimmta mál á dagskrá - Verkferlar WIFT á Íslandi

- Ríkey fór yfir verkferlana sem þær Ylfa hafa verið að vinna að.
  - Verkferlar sem stjórn geta stutt sig við ef einhverskonar kvartanir koma á borð stjórnarinnar og hvernig við getum unnið til þess að leysa málið.
  - Ágústa þarf að koma Ylfu og Ríkey í samband við lög og sálfræðing sem eru tilbúnir að vinna með okkur og taka að sér einstaklinga frá okkur með stuttum fyrirvara.
  - Ef lög- og sálfræðingur sem Ágústa setur í samband við Ríkey og Ylfu þurfum við að setja okkur í samband við aðrar stofur sem væru til í að vinna með okkur.
  - Næsta skref væri að útbúa samning sem væri á milli WIFT og þolanda/aðila sem kemur með kvörtun um að báðir aðilar samþykki þá verkferla sem liggja fyrir.
  - Einnig er annað skref varðandi verkferla er að útbúa skjal sem verður sett á heimasíðu WIFT. Skjal fyrir kvartanir/ábendingar/þarf aðstoð frá WIFT.
  - Á næsta stjórnarfundum þarf að kjósa trúnaðarmann WIFT sem tekur á mótum þessum málum og passar upp á að trúnaði sé haldið við aðilann sem viðkemur málið. Alltaf nafnleynd þegar unnið er að málinu.
  - Það þarf að bóka fund með Leu vegna Kvennaársfunds og verkferla. Lea situr í stjórn Kvennaárs fyrir hönd WIFT. Hún þarf að uppfæra stjórn WIFT um hvað fór fram á síðasta stjórnarfundum Kvennaárs.
  - Ríkey og Ylfa koma Leu inn í verkferlana og hvernig hægt er að nýta þá í kvennaárið. Lea kemur því áleiðis til stjórnar Kvennaárs.

## Sjötta mál á dagskrá - Kvennaár 2025

- WIFT á Íslandi er aðildarfélag að Kvennaári 2025. Á fundinum var rætt hvernig við gætum lagt okkar að mörkum.
  - Væri gaman að skipuleggja kvennaárs viðburð. Útbúa merch til þess að selja á viðburðinum, totebag og boli. Hægt að fá ódýra boli í Sports Direct, New Yorker, Amazon. Væri gaman að hanna merki og prenta á merch. Ingibjörg ætlar að taka þetta að sér og uppfærir okkur mars/apríl.
  - Við gætum gert myndbönd og nýtt okkur þær kröfur sem eru á heimasíðu kvennaárs 2025 til þess að útbúa myndböndin. Einnig þarf að vera samtal á milli stjórnar Kvennaárs og stjórnar WIFT hvernig myndböndin og samtal þarna á milli væri.
  - Fyrir næsta stjórnarfund eiga alltar að vera helst búnar að pæla aðeins í því hvernig við getum lagt okkar að mörkum.
  
- Önnur mál
  - Það þarf að láta vita með góðum fyrirvara ef stjórnarmeðlimur kemst ekki á fund. Helst með sólarhrings fyrirvara en sýndur skilningur ef það er ekki hægt. Ýmislegt getur komið upp á. Gott að hafa í huga fyrir öll sem sitja í stjórn.
  - Þegar formaður hefur verið að senda á stjórnarmeðlimi vantar betri svörun frá þeim. Stjórnarmeðlimir eiga að virkir og vera opnar fyrir því að taka að sér verkefni.  
Verkefni sem eru í boði:
    - Skrifu fréttagrein um hvað konur í kvikmyndagerð gerðu á árinu 2024
    - Þegar Eddu-hátíðin klárast skrifa fréttagrein um hana.
    - Hvað er á döfnni í íslenskri kvikmyndagerð, gaman að einblína á hvað konur eru að gera. Hægt er að nálgast upplýsingar á heimasíðu kvikmyndamiðstöðvar.
    - Senda allt sem á að birtast á heimasíðunni á [wift@wift.is](mailto:wift@wift.is)
  - Setja þann möguleika á heimasíðuna að þeir aðilar séu ekki gjaldgengir í WIFT á Íslandi en vilja styrkja geti styrkt félagið.
  - Stjórnin þyrfti að hittast aðra hverja viku til þess að geta haldið okkur á tánum og fengið upplýsingar frá hvor annarri hver staða verkefna séu. Miðvikudagur kom upp sem hentugur tími. Byrjum miðvikudaginn 29. Janúar að hafa fast aðra hverja viku.
  - Þurfum samt að hafa online fund til þess að Ríkey og Ylfa geti kynnt fyrir þeim sem ekki mættu á fundinn verkferlana. Væri gott að nýta það tækifæri til þess að funda með Leu. Stefnum á miðvikudaginn 22. Janúar til þess að hafa netfund.
  - Það vantar ennþá kynningu á meirihlutanum á stjórninni sem fer á samfélagsmiðla og heimasíðuna. Þær sem eiga eftir að skila eiga að senda á [wift@wift.is](mailto:wift@wift.is) síðastalagi 31. Janúar.